

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 08. október 2015
2015090020/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum, 133. mál.


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 24. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum, 133. mál.

Löngu er orðið tímabært að gera áætlun um viðbrögð við auknu álagi á náttúru landsins vegna ferðamanna og ber því að fagna þessu frumvarpi. Í greinargerð með frumvarpinu er ágætlega rakið hvers vegna það er sett fram og til hvaða þátta í náttúru- og menningarminjavernd, íslenskra laga og alþjóðasamninga, þarf að taka tillit til við framkvæmd laganna komi til þess. Veikleikar frumvarpsins eru hins vegar óvissa um fjármögnun þeirra framkvæmda sem þarf að ráðast í og óvissa um fjármögnun á vinnu þeirra aðila (stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja o.fl.) sem þurfa að koma að framkvæmd væntanlegra laga. Er þetta ágætlega rakið í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins með frumvarpinu.

Frumvarpið sjálf tekur ekki á því með hvaða hætti eigi að leysa þau faglegu sjónarmið sem kunna að koma upp við gerð landsáætlunar og verkáætlunar og varða vernd og nýtingu. Annars vegar við ákvörðun um hvernig eigi að flokka ferðamannaleiðir, staði og svæði og hins vegar vegna áhrifa framkvæmda á ferðamannasvæðum eða lokunar svæða. Og þá einnig hvaða kröfur á að gera um upplýsingar, rannsóknir og vöktun á náttúru- og menningarminjum til að sannreyna ágæti þeirra innviða sem ráðist er í og árangur af uppbyggingu þeirra til framtíðar. Reynt hefur verið að bæta úr þessu frá fyrra frumvarpi með því að koma á ráðgjafanefnd um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára, sbr. 6. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. Náttúrufræðistofnun ásamt fleiri aðilum á sæti. En eins og kemur fram í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið þá er aðeins gert ráði fyrir fjármagni fyrir starfsmann verkefnisstjórnar og vegna umhverfismats, en öll önnur fjármögnun er ósviss bæði hvað varðar uppbyggingu innviða og einnig hvað varðar nauðsynlega fagvinnu til að sú uppbygging takist vel.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir en tekur undir megin markmið frumvarpsins um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru- og








menningarsögulegum minjum og telur, miðað við fjölda ferðamanna og ástand margra svæða, að grípa þurfi til aðgerða sem fyrst. Í ferlinu má ekki gleymast að undirbyggja aðgerðir með góðum gögnum og vakta ástand náttúru landsins í tengslum við ferðaþjónustu. Meðfylgjandi er minnisblað gert fyrir umhverfis- og samgöngunefnd vegna flutnings frumvarpsins á síðasta þingi.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

Meðf: Minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 10. mars 2015.



**Minnisblað 10. mars 2015. Gert fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.
Náttúrufræðistofnun Íslands, Trausti Baldursson**

Hér er sett fram möguleg aðkoma Náttúrufræðistofnunar Íslands að framkvæmd laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum, 427. mál.

Inngangur

Almennt hlutverk Náttúrufræðistofnunar er að skrá, varðveita, flokka og kortleggja lífríki og jarðmyndanir landsins og skrá upplýsingar um þessa þætti í gagnagrunna. Stofnuninni er ætlað að meta verndargildi og verndarstöðu tegunda, vistgerða og jarðminja og gefa t.d. út valista. Náttúrufræðistofnun ber ábyrgð á að gera áætlanir um kerfisbundna vöktun lífríkis sem tekur til lykilorða líffræðilegrar fjölbreytni þ.m.t. að fylgjast með útbreiðslu tegunda og stofnbreytingum mikilvægra tegunda og stofna. Stofnuninni er ætlað að leiðbeina um hóflega landnýtingu.

Náttúrufræðistofnun kemur að gerð náttúruverndaráætlunar skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Samkvæmt nýju náttúruverndarlögum nr. 60/2013 fær stofnunin aukið hlutverk í skráningu og upplýsingagjöf um vistkerfi og jarðminjar skv. 57. grein þeirra laga sem fjallar um *sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja*. Einnig fær stofnunin aukið hlutverk við gerð náttúruminjaskrár skv. 13. gr. sömu laga þar sem segir: *Náttúrufræðistofnun Íslands annast m.a. skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra, hefur umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár og gerir tillögur um nýskráningar í hann sem og tillögur um minjar sem ástæða væri til að setja á framkvæmdaáætlun.*

Aðkoma NÍ við skipulagningu ferðamannastaða

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar við skipulagningu ferðamannastaða og/eða skipulagningu hvert ferðamönnum er beint fælist fyrst og fremst í því að meta náttúruverndargildi einstakra svæða, setja það í samhengi við náttúruferðir almennt og leggja til hvað þyrfti að vernda. Mat á náttúruverndargildi nýtist því til að stýra ferðamennsku og koma í veg fyrir röskun á náttúru landsins vegna ágangs.

Til að framkvæma framangreint er rétt að setja þetta í samhengi við þær upplýsingar sem Náttúrufræðistofnun býr yfir og er að vinna að. Ljóst er að í hverju tilfalli er nauðsynlegt að skoða hvert svæði fyrir sig á vettvangi til að sem áreiðanlegastar upplýsingar fái. Stofnunin hefur yfir að ráða mjög hæfu starfsfólki grasfræðingum, dýrafræðingum þ.m.t. innan vistfræði (gróður- og dýravistfræði), jarðfræðingum og starfsfólki með landupplýsingar og kortagerð sem sérsvið. Náttúrufræðistofnun hefur ýmis gögn sem gagnast við úttekt á ferðamannastöðum og sem dæmi má nefna:

1. Vistgerðakort (lýsa bæði gróðri og lífskilyrðum, sjá <http://www.ni.is/vistgerdir/>). Búið er að flokka vistgerðir á mið hálandi Íslands og verið að vinna að kortlagningu á láglandi fjaran/ströndin, land og ferskvatn. Stefnt er á að heildarkortlagning verði til árið 2016.
2. Gróðurkort eru til af hálandi Íslands og nokkrum svæðum á láglandi.
3. Fyrirliggjandi eru gögn um útbreiðslu dýra og plantna.

4. Stofnstærðir fugla hafa verið metnar og enn frekari greining á fuglum landsins er í vinnslu (hófst með IPA styrk), þ.m.t. er verið að greina lykilbúsvæði fugla sem og annarra dýra og plantna út frá fyrirleggjandi gögnum.

5. Válistar eru til fyrir fugla (er í endurskoðun), háplöntur og birkninga sem og fléttur.

6. Til eru yfirlitskort af jarðfræði landsins og sérkort af nokkrum svæðum.

8. Verndun jarðminja er eitt af verkefnum Náttúrufræðistofnunar, þar sem lögð er áhersla á að vernda jarðmyndanir og landslagsheildir.

7. NÍ hefur til umráða bæði gervitunglamyndir og loftmyndir af öllu landinu. Þau gögn nýtast vel í greiningu landupplýsinga og við kortagerð.

Þetta gefur mjög grófa mynd af þeim gögnum sem hægt er að nýta. Einnig mætti nefna ótal skýrslur sem fjalla um ákveðin svæði og hugsanlega má nýta fyrir tiltekin svæði (sjá t.d. <http://www.ni.is/midlun-og-thjonusta/utgafa/> þar undir t.d. <http://www.ni.is/midlun-og-thjonusta/utgafa/skyrslur/> og <http://www.ni.is/midlun-og-thjonusta/utgafa/fjolrit/>).

Nauðsynlegt er að fara á hvert svæði sem verið er að skipuleggja hverju sinni og kortleggja bæði náttúruferðar, menningarminjar og umferð ferðamanna. Einnig þarf að líta til hver líkleg aukning er á ferðamönnum og aðrar breytingar t.d. vegna ýmiskonar aðstöðu. Þegar einstök svæði eru skipulögð út frá náttúruferðum þarf að skoða þau í allt öðrum skala en þegar verið er að meta eða kortleggja náttúruferðir á landsvísu. Mikilvægt er að greina ferðamannastaði með svipuðum hætti og þegar farið er í mat á umhverfisáhrifum og umhverfismat áætla þó ekki sé verið að leggja til það ferli nema í þeim tilfellum sem slíkt gæti átt við.

Ennfremur er mikilvægt að meta þolmörk bæði fyrir náttúruferðir og fyrir ferðapjónustuna og tengja þessa þætti saman. Öll skipulagning þarf að taka til mikilvægis einstakra náttúruferðarþátta bæði í tíma og rúmi s.s. varplanda/varptíma, truflun á viðkvæmum tímum o.s.frv.

Setja þarf upp áætlun um kerfisbundna vöktun fyrir bæði náttúruferðir og umferð ferðamanna og samræma við ýmsar stjórnunarleiðir s.s. landvörslu, skilti/stígagerð/annarskonar stýringu, upplýsingagjöf og fræðslu almennt (öll form), o.s.frv. Inn í þetta fléttast síðan landslag og aðlögun framkvæmda, húsa, útlits að bæði landslagi og menningarminjum.

Dæmi um sérstök atriði sem þarf að skoða vel út frá verndun náttúru eru búsvæði sjaldgæfra fugla, plantna og jarðminja. Í sumum tilfellum þarf að stýra ferðamönnum mun betur en nú er gert. Má þar nefna Breiðafjörð og siglingar að arnarhreiðrum. Þetta á einnig við um aðrar mjög sjaldgæfar fuglategundir s.s. þórshana og fálka en ásókn er í að mynda þessar tegundir. Einnig þarf að skoða sérstaklega mjög viðkvæm gróðurlendi s.s. mosabreiður í Lakagígum og víðar.

Taka þarf sérstaklega á mjög viðkvæmdum og/eða sjaldgæfum jarðminjum/jarðmyndunum dropsteinar í hellum, nýtt hraun, gjallgígar (gönguslóðar), jarðhitamyndanir, fágætar steindir (hrafntinna, silfurberg, geislasteinar o.s.frv.) og steingervingar.

Samvinna

Til að vinna vel að skipulagi einstakra ferðamannastaða þarf sérfræðinga í annars vegar náttúrufræðum/náttúruvernd - menningarminjavernd og svo sérfræðinga í fræðslu og skipulagningu og ekki síst í aðferðafræði til að leiða fólk á „réttu“ staði. Mikilvægt er að tryggja samvinnu ólíkra „fagaðila“ og fjármagn til að vinna að náttúrufarsúttektum, stefnumörkun og skipulagi. Sértek vinna af þessu tagi og af þeirri stærðargráðu sem gera má ráð fyrir verður ekki unnin samhliða öðrum störfum þó hægt sé að nýta ýmsar upplýsingar. Horfa til framtíðar og sjá til þess að ekki sé gengið á þær auðlindir sem nýttar eru sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Í stuttu máli væri hlutverk Náttúrufræðistofnunar að gera úttekt á náttúrufari þeirra svæða sem verið væri að skipuleggja, meta náttúruverndargildi þeirra bæði á svæðisvísu og landsvísu og leggja til út frá mati á náttúruverndragildi hvað þyrfti að vernda og laga. Með sama hætti þyrfti að skoða dreifingu ferðamanna almennt um landið.

